Brjef landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi* **um prestakallslán — 157**
19. des.

Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 14. þ. m, hafið þjer, herra amtmaður og þjer, herra biskup, sent hingað erindi frá prestinum á Prestsbakka á Síðu í Vesturskaptafellsprófastsdæmi, síra Magnúsi Bjarnarsyni, þar sem hann sækir um það, að jeg veiti samþykki mitt til þess að hann mætti eiga 500 króna virði í hinu nýja íbúðarhúsi, sem hann samkvæmt leyfi mínu 20. júlí f. á. (Stj.tíð. 1897, B, bls. 179) hefir byggt á prestakallinu fyrir embættislán uppá prestakallið, að upphæð 3500 kr., er bundið var því skilyrði meðal annars, að íbúðarhúsið yrði eign prestakallsins. Hafið þjer í nefndu brjefi yðar af ástæðum, sem þar eru taldar, lagt það til að hið umbeðna yrði veitt, svo framarlega sem jeg yfir höfuð geti fallizt á að veita slíka undantekning, þó svo að hinn eptirræskti eignarrjettur nefnds prests til 500 króna í húseigninni komi eigi þegar í gildi, heldur að eins ef hann í 10 ár greiði tilskilda vexti og afborganir af hinu umgetna láni.

Ut af þessu skal yður hjer með til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir beiðandanum, að, með því að hið umrædda hús er þegar orðið eign prestakallsins, brestur mig heimild til þess að veita prestinum eignarrjett í húsinu eða fallast á það, að hann fái eignarrjett í því.

Reglugjörð 158

30. nóvbr.

fyrir stýrimannaskólann í Reykjavík.

Samkvæmt lögum 22. maí 1890, um stofnun stýrimannaskóla á Íslandi, 1. gr., eru hjermeð gjörð nánari ákvæði um kennslufyrirkomulag skólans m.m.

1. gr.

Það er ætlunarverk stýrimannaskólans, að veita mönnum á landi hjer kost á kennslu í stýrimannafræði og búa lærisveina skólans undir hið minna og meira stýrimannspróf.

2. gr.

Í skólanum skal kenna 7 stundir á dag alls í hverri kennsludeild; skal 5 stundum varið til kennslu í stýrimannafræði og stærðfræði og 2 stundum til kennslu í íslenzku, dönsku, ensku og sjórjetti. Kennslan byrjar kl. 8 árdegis og endar kl. 3 síðdegis. Hlje skal verða á kennslunni frá kl. $10^{3}/_{4}$ til $11^{1}/_{2}$ til morgunverðar. Sömuleiðis skal gefa allt að 10 mínútum til hreyfinga úti við á milli hverra tveggja samliggjandi kennslustunda. Verða þannig á viku hverri 30 stundir í stýrimannafræði og stærðfræði, 4 stundir í íslenzku, 4 í dönsku, 2 í ensku og 2 í sjórjetti í hverri kennsludeild.

Undantekningu má gjöra frá ákvæðum greinarinnar, ef sjerstakar ástæður eru, með samþykki stiptsyfirvaldanna.

29. dag desbrm. 1898.

Reykjavík. — Ísafoldarprentsmiðja.